

BORGARSTJÓRN

Ár 2023, þriðjudaginn 3. október, var haldinn fundur í Borgarstjórn Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 12:05. Voru þá komnir til fundar, auk Þorsteins Gunnarssonar staðgengils borgarstjóra, eftirtaldir borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar: Magnea Gná Jóhannsdóttir, Alexandra Briem, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir, Björn Gíslason, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Friðjón R. Friðjónsson, Guðný Maja Riba, Heiða Björg Hilmisdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Kjartan Magnússon, Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir, Magnús Davíð Norðdahl, Marta Guðjónsdóttir, Pawel Bartoszek, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Sabine Leskopf, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Skúli Helgason, Stefán Pálsson, Unnur Þöll Benediktsdóttir og Þorvaldur Daníelsson.

Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarstjórn samþykkir að stofna spretthóp þriggja borgarfulltrúa undir forystu formanns borgarráðs sem gegni því hlutverki að veita pólitíska forystu um einföldun á regluverki og ferlum skipulags- og byggingarmála í Reykjavík. Það sé fyrsta skref í því að auðvelda byggingaraðilum að mæta með sem skilvirkustum hætti mikilli eftirspurn á húsnæðismarkaði og freista þess þannig að hefja lausn á framboðsvanda húsnæðis sem blasir við öllum hagaðilum. Spretthópurinn hefst þegar handa og skal skila af sér fyrstu tillögum eigi síðar en í desember á þessu ári.

- Kl. 13:15 tekur borgarstjóri sæti á fundinum og Þorsteinn Gunnarsson og Guðný Maja Riba víkja.

Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar borgarráðs.

Borgarráðsfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS23100019

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:

Til að ná því markmiði að byggja fyrir þau sem þurfa á húsnæði á að halda þarf að félagsvæða húsnæðisáætlun og stefnur borgarinnar. Lausnin felst ekki í því að slaka á reglugerðum og verkferlum sem eru þar til að tryggja að uppbygging fari vel fram, m.a. með tilliti til öryggissjónarmiða og að húsnæði sé heilnæmt til búsetu. Mikilvægt er að taka þó fram að í einhverjum tilfellum er ef til vill hægt að einfalda og skýra ferla t.a.m. með rafvæðingu og þá er sjálfsagt að fara í þannig uppfærslur. Fulltrúar Sósíalista sjá ekki að einföldun regluverks leiði til betri húsnæðisuppbyggingar þar sem slíkt leiðir líka til minna eftirlits.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þetta er þörf tillaga að mati Flokks fólksins. Flokkur fólksins hefur ítrekað lagt fram tillögur af þessu tagi en þeim verið hafnað. Til dæmis lagði Flokkur fólksins til að umsækjandi um flókið byggingarleyfi fengi tengilið innan borgarinnar sem héldi utan um málið og öll gögn þess. Umsækjendur hafa þurft að ganga á milli Pontúsar og Heródesar með sín mál og jafnvel eru dæmi um að gögn hafi týnst. Stafrænar lausnir til að létta umsækjendum ferlið og starfsfólki vinnuna eru ekki komnar í loftið

og einhver bið verður enn á því eftir því sem næst verður komist. Miklar tafir hafa orðið á stafrænum lausnum á umhverfis- og skipulagssviði. Ekki dugar að státa sig af lista af einhverjum stafrænum lausnum sem ekki eru komnar í virkni. Flækjustigið í umsóknakerfi borgarinnar hefur mikinn fælingarmátt. Verktakar fara annað. Fram kemur á vefnum að umsagnarferlið geti tekið allt að 45 daga. Á þessu er allur gangur eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins hefur heyrt og er heildarumsóknarferlið iðulega mikið lengra. Með því að hafa samband við tengilið væri hægt að fá uppgefið strax hvar hvert og eitt gagn er statt í kerfinu og hvenær vænta má afgreiðslu.

2. Fram fer umræða um nýja byggð í Keldnalandi. MSS23090164

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar fagnar því að góður skriður sé á uppbyggingaráformum á Keldum og Keldnaholti í samræmi við stefnu meirihlutans um aukið framboð á íbúðarhúsnæði. Reykjavíkurborg og Betri samgöngur stóðu fyrir alþjóðlegri samkeppni um þróun lands í Keldum og Keldnaholti og vinningstillagan Crafting Keldur var kynnt í vikunni í Ráðhúsi Reykjavíkur. Keldnaland verður borgarhluti með alla kosti þéttar og lifandi borgarbyggðar fyrir íbúa og gesti. Að baki vinningstillögunni er sænska arkitektastofan FOJAB og var sænska verkfræðistofan Ramboll í ráðgjafahlutverki. Í tillögunni er lögð áhersla á að einfalt sé fyrir íbúa að lifa sjálfbæru og heilbrigðu hversdagslífi vegna nálægðar við náttúruna, með grænum svæðum, hverfisgörðum og torgum og grænu skipulagi sem kjarnast í kringum borgarlínustöðvar svæðisins.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:

Í stuðningi stjórnvalda við lífsskjarasamninga 2019 var fjallað um mikilvægi þess að ríki og borg ynnu saman í því að skipuleggja Keldnalandið og litið var á slíkt sem stuðning vegna húsnæðisuppbyggingar sem mikil þörf er á. Um þetta var fjallað í stuðningsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Í kjölfarið var félagið Betri samgöngur ohf. stofnað til að halda utan um framkvæmd samgöngusáttmálans og þróa Keldnaland til að „hámarka verðmæti þess“. Hér er verið að láta húsnæðisuppbyggingu greiða fyrir samgönguúrbætur. Lóðir í Keldnalandi verða væntanlega boðnar út til hæstbjóðenda sem skilar sér svo í herra húsnæðisverði til framtíðaríbúa. Mikilvægt er að bygging fari fram á félagslegum forsendum og hvetja borgarfulltrúar Sósíalístaflokksins til þess að hlutfall félagslegs húsnæðis verði hærra en 5% á þessu svæði. Samkvæmt umræðum um ákveðið hlutfall framtíðarhúsnæðis á svæðinu þá á hluti að vera óhagnaðardrífinn og leggja Sósíalistar áherslu á mikilvægi þess að horfið verði frá viðmiði um að 5% nýrra íbúða á uppbyggingarsvæðum verði félagslegar og að það hlutfall verði hækkað, þar sem mikil þörf er á slíku húsnæði.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Byggð í Keldnalandi er spennandi enda er þetta eðalsvæði. Þarna mætti byggja húsnæði fyrir stóran hóp. Það er afar brýnt að þetta hverfi verði ekki aðeins eyrnamerkt efnameira fólki heldur gert ráð fyrir hagkvæmu húsnæði til kaups og leigu. Uppbygging Keldnaland hangir saman við hina margumræddu borgarlínu. Nú er ekki annað að heyra en borgarlínuverkefnið sé í uppnámi ef marka má orð

fjármálaráðherra sem segir að ekki sé til peningur fyrir svo fjárfrekt verkefni og ekki hefur verið gengið frá því hver eigi að reka borgarlínu. Þetta er bakslag en mörgum þótti reyndar borgarlínuverkefnið ansi bratt og jafnvel óraunhæft fyrir okkar litla samfélag. Flokkur fólksins telur að vert sé að draga upp þá sviðsmynd að ef borgarlína bregst þá þjónusti Strætó þetta hverfi eins og önnur í borginni. Það er óþarfi að fórna uppbyggingu heils hverfis þegar íbúðaskortur er eins mikill og raun ber vitni þótt engin verði borgarlínan næstu áratugi. Flokki fólksins finnst síðan sjálfsagt að endurskoða vinningstillöguna með tilliti til þess að lóðarhöfum verði heimilt að reisa bílakjallara undir fjölbýlishúsum þar sem því verði við komið. Það verði gert án þess að það komi niður á heildarfjölda bílastæða fyrir hverfið.

3. Fram fer umræða um lífsgæðakjarna. MSS22040200

- Kl. 16:05 tekur Trausti Breiðfjörð Magnússon sæti á fundinum og Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir viku.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Lífsgæðakjarnar er heiti yfir nýja nálgun á húsnæði sem er einkum hugsað fyrir eldra fólk þar sem áhersla er á fjölbreytt búsetuform. Eignaríbúðum og leiguíbúðum er raðað saman í aðlaðandi umhverfi með aðgengi að fjölbreyttri þjónustu og í bland við íbúðarhúsnæði fyrir aðra aldurshópa og jafnvel hjúkrunarrými. Markmiðið er að tryggja áhugavert og aðlaðandi umhverfi, samveru og öryggi um leið og komið er til móts við ólíkar þarfir fólks á ólíkum aldri sem og ólíka tekjuhópa. Þá verður að huga að innviðum til þess að styðja við samveru og vinna gegn einangrun og einmanaleika eins og til dæmis sameiginlegri eldunaraðstöðu og svæðum sem henta til fjölbreyttra samverustunda og jafnvel kaffihúsum og veitingastöðum auk góðra leiksvæða sem henta fyrir góðar samverustundir allra kynslóða.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Undir þessari umræðu er sjálfsagt að minnast á það að árið 2021 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram tillögu í borgarstjórn um skipulagða byggð fyrir eldra fólk víðs vegar í Reykjavík. Segja má að sjaldan hafi meirihlutinn gert eins mikið grín að tillögu frá minnihlutanum. Tillagan var felld af meirihlutanum með þeim rökum að þetta væri hvorki það sem þessi hópur vill né þarf. En það er ekki rétt. Samráð og samtali við fjölmarga eldri borgara og hagsmunasamtök hefur leitt í ljós að fjölmargir vilja einmitt að íbúðasvæði í borginni verði skipulögð þar sem sérstök áhersla er lögð á þjónustu við eldra fólk og þeirra þarfir. Töluverður hluti húsnæðis í Reykjavíkurborg hentar ekki eldra fólki. Stoð- og stuðningsþjónusta sem og afþreying er einfaldlega ekki til staðar í mörgum hverfum. Horfa þarf til útivistar, áhugamála, félagslegrar þjónustu, heilsugæslu og fleira. Á svæði sem þessu er í raun ekki þörf fyrir uppbyggingu leik- og grunnskóla. Einblína ætti frekar á fjölbreytt úti- og innisvæði til afþreyingar og skemmtunar. Aðkoma Félags eldri borgara yrði hér afar mikilvæg. Hugsa mætti sér ólík íbúðaform, t.d. minni sérbýli sérhönnuð fyrir þarfir eldri borgara með miðlægum þjónustukjarna. Gönguleiðir og strætisvagnaleiðir yrðu vel hugsaðar með upphituðum skýlum. Gæta yrði að öryggismálum í hvívetna.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Borgarstjórn samþykkir að draga til baka ákvörðun um nýtt leiguverðslíkan Félagsbústaða sem var samþykkt á fundi borgarstjórnar þann 19. september síðastliðinn og á að taka gildi þann 1. janúar 2024. Lagt er til að Félagsbústöðum verði falið að hefja vinnu að nýju leiguverðslíkani sem geri ekki ráð fyrir leiguhækkunum líkt og þeim sem samþykktar voru á borgarstjórnarfundi þann 19. september síðastliðinn. Þá er einnig lagt til að slíkt hafi ekki áhrif á þær leiguverðslækkanir sem þegar hafa verið boðaðar og tilkynntar leigjendum. Unnið verði í nánú samstarfi með velferðarráði og aðilum sem hafa þekkingu og reynslu af leigjendamálum, við að koma á nýjum viðmiðum þegar kemur að leiguverði. Í þeirri vinnu verði unnið út frá þeim áherslum að leiguverð fari aldrei yfir 25% af ráðstöfunartekjum leigjenda en þó þannig að ekki komi til leiguverðshækkana ef leiga er í einhverjum tilfellum lægri en það. Lagt er til að nýtt leiguverð taki gildi þann 1. janúar 2024.

- Kl. 16:50 vikur Alexandra Briem af fundi og Kristinn Jón Ólafsson tekur sæti.

Samþykkt með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn fjórum atkvæðum borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna að vísa tillögunni frá.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins. VEL23080023

Borgarfulltrúar Sósíalistaflokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér var lagt til að boðaðar leiguhækkanir Félagsbústaða sem byggja á breytingu á leiguverðslíkani yrðu dregnar til baka og að unnið yrði að eðlilegra líkani sem tæki mið af stöðu leigjenda. Þá er lögð rík áhersla á að það komi ekki til hækkana á þá leigjendur sem hafa fengið boð um leigulækkun. Sósíalistar leggja til að leiga verði aldrei meira en 25% af ráðstöfunartekjum leigjenda en þó þannig að ekki komi til hækkana ef leiga er í einhverjum tilfellum lægri en slíkt. Leigjendur eiga ekki að þurfa að greiða fyrir framtíðaruppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis, um er að ræða leigjendur í mjög viðkvæmri fjárhagslegri og félagslegri stöðu. Tillaga Sósíalista er sett fram í ljósi þess að Félagsbústaðir boðuðu breytingar á leiguverði með það að markmiði að leitast við að jafna leiguverð íbúða óháð staðsetningu og öðrum þáttum. Finna þarf aðrar leiðir til að ná fram þeim markmiðum þar sem leigjendur Félagsbústaða geta ekki tekið á sig frekari hækkanir. Alls munu 1.538 þurfa að greiða hærri leiguverð, þar af 145 leigjendur 12 þúsund krónur eða meira. Þá er einnig dæmi um hækkun upp á 34 þúsund krónur. Leigjendur sjá ekki fram á að geta greitt hærri leigu og upplifa mikið óöryggi.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lagt er til að Félagsbústöðum verði falið að hefja vinnu að nýju leiguverðslíkani sem geri ekki ráð fyrir leiguhækkunum líkt og þeim sem samþykktar voru á borgarstjórnarfundi 19. september. Flokki fólksins líst vel á að það verði þak á fasteignamati í einstökum hverfum til þess að grípa tilvik þar sem fasteignamat hækkar umfram meðaltal eins og stefnt er að í nýju verðlíkani. Það er jafnframt jákvætt að leiguverð sé sem jafnast óháð staðsetningu og að breytingar á leiguverði verði ekki í stökkum. Samkvæmt nýju leiguverðslíkani mun leiga hjá 1.538 leigjendum hækka um fjárhæð allt að 36.000 kr. Fulltrúi Flokks fólksins hefur áhyggjur af þeim 5,5% leigjenda þar sem leigan mun hækka meira en 12.000 kr. á mánuði. Fjöldi leigjenda hefur kvartað undan stöðugum hækkunum á leiguverði undanfarið. Flokki fólksins líst vel á að unnið verði að nýjum viðmiðum þegar kemur að leiguverði og að þar verði unnið út frá þeim áherslum að leiguverð fari aldrei yfir

25% af ráðstöfunartekjum leigjenda. Í nýju verðlíkani Félagsbústaða er verið að hækka leigu hjá leigjendum í erfiðri fjárhagslegri og félagslegri stöðu. Félagsbústaðir og Reykjavíkurborg verða að finna aðra leið til að styrkja tekjugrunn félagsins.

Borgarfulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Ljóst er að sú endurskoðun sem átti sér stað á leiguverðslíkani Félagsbústaða reyndist mörgum leigjendum þungbær. Fyrir efnalítið fólk geta jafnvel minnstu hækkunir reynst þungt högg fyrir heimilisbókhaldið. Vinstri græn telja mikilvægt að endurskoða verklag borgarinnar vegna þessa til að draga úr miklum sveiflum sem þessum í framtíðinni. Þá er brýnt að við endurskoðanir sem þessa verði þess gætt að grípa inn í þau mál þegar leigjendur fara sérlega illa út úr hækkunum.

5. Fram fer umræða um efndir meirihlutasáttmálans. SFS22060051

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjórðungur er liðinn af kjörtímabilinu. Meirihlutinn er að mestu sá sami og sá síðasti utan Framsóknar. Engar stórvægilegar breytingar eru í sáttmálanum. Strax var borgarbúum gefin dúsa, frítt fyrir börn í strætó undir 11 ára, hækkun frístundastyrks og næturstrætó. Vissulega eru þrjú ár eftir af kjörtímabilinu. Sáttmálinn er fullur af yfirborðstali, meirihlutinn vill og ætlar. Dregnar eru upp ægifagarar lýsingar á því hvað meirihlutinn vill gera. Staðan eftir árið er að mestu eins í erfiðustu málanum. Lítið framboð af lóðum sem aðeins fást í gegnum útboð og verktakar halda að sér höndum. Skortur er á hagkvæmu húsnæði og sérbylum. Fátækt er vaxandi, hjálparsamtök sprungin, biðlistar hafa fjórfaldast frá 2018. Lágtekjufólk, öryrkjar og einstæðir foreldrar eru að kikna undan hárrí leigu. Umferðaröngpveitið eykst, ljósastýringar í ólestri og allt þetta sett á ís því borgarlína er að koma. Það er hins vegar ekki að gerast. Fjármálaráðherra hefur sett hana á ís. Staðfest er áralöng seinkun, verkið mögulega tekið í litlum áföngum næstu áratugi. Fleira nefnt sem ekkert bólar á. Þegar sáttmálinn er lesinn má sjá að stór hluti af honum er í raun tómur blaður um langanir meirihlutans um eitt og annað sem margt hvert verður aldrei að veruleika.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna:

Borgarstjórn felur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að hefja undirbúning að aðgerðum til að auka þátttöku innflytjenda í kosningum. Á næsta ári verða forsetakosningar, síðan verða alþingiskosningar og eftir þær sveitarstjórnarkosningar. Felur borgarstjórn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að vinna og leggja fram í borgarráði tímasetta aðgerðaáætlun um leiðir til að auka kosningaþátttöku innflytjenda í Reykjavík.

- Kl. 18:00 vikur Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir af fundinum og Helga Þórðardóttir tekur þar sæti.
- Kl. 18:30 vikur Dóra Björt Guðjónsdóttir af fundinum og Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir tekur þar sæti.

Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar stafræns ráðs. MSS23100020

Borgarfulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Vinstri grænna telur að æskilegra hefði verið að samþykkja tillöguna án tafar og fela mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að hefjast handa við verkefnið. Í trausti þess að millilending málsins í stafræna ráðinu verði ekki til að tefja framgang þess að marki getur hann þó fellt sig við þá niðurstöðu.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn þakkar fyrir tillögu um mikilvægt mál sem er að grípa til aðgerða til að auka kjörsókn innflytjenda í kosningum en hún hefur minnkað verulega á undanförunum árum og var innan við 14% í síðustu sveitarstjórnarkosningum hjá þessum hópi borið saman við 63% kjörsókn almennt. Það er brýnt samfélagslegt verkefni að vekja athygli þessa hóps og annarra á kosningarétti sínum og leita þar eftir samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, ríkisvaldið og frjáls félagasamtök. Tillögunni er vísað til stafræns ráðs sem fer með lýðræðismál í stjórnkerfi borgarinnar.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarstjórn samþykkir að beina því til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að skoða fýsileika þess að styðja við uppsetningu sólarsella á heimilum í Reykjavík.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins að fresta málinu.

Borgarfulltrúar Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna sitja hjá við afgreiðsluna. MSS23090100

8. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að ráðast í aðgerðir í því skyni að bæta almenningssamgöngur í borginni. Sérstök aðgerðaáætlun verði gerð þar sem fram komi hvenær einstakir hlutar hennar komast til framkvæmda ásamt kostnaðarmati, tímasetningum og ábyrgðaraðilum. Miðað skal við að ráðist verði í fyrstu aðgerðir samkvæmt áætluninni á árinu 2024.

Aðgerðir merktar 1-6 eru tilgreindar í fylgiskjali.

Samþykkt með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins að fresta málinu.

Borgarfulltrúar Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna sitja hjá við afgreiðsluna. MSS23100021

9. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að beina því til nefndar um endurskoðun samgöngusáttmálans að snjallljósastýring umferðarljósá á höfuðborgarsvæðinu verði sett í algeran forgang við endurskoðun sáttmálans. Innleidd verði allra nýjasta tækni sem byggir á miðlægu tölvakerfi sem notar infrarauðar myndavélar, radar og gervigreind til að greina alla umferð gangandi, hjólandi og akandi. Með slíkri tækni lágmarkar kerfið biðtíma allra vegfarenda með áherslu á forgang sjúkrabíla, lögreglubíla, slökkvibíla og almenningssamgangna, eykur þannig umferðarflæði og umferðaröryggi og dregur úr mengun. Sett verði tímamörk og skilyrði um að

snjallvæðingu umferðarljósa á öllu höfuðborgarsvæðinu verði lokið innan árs frá endurskoðun samningsins, enda kalla þessar breytingar hvorki á flókna skipulagsvinnu né kostnaðarsama eða tímafreka mannvirkjagerð.

Samþykkt með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins að fresta málinu. Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS23100022

10. Lagðar fram fundargerðir borgarráðs frá 21. og 28. september.
3. liður fundargerðarinnar frá 28. september; viðauki við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2023 – fjárfestingaáætlun, er samþykktur. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS23010001
13. liður fundargerðarinnar frá 28. september; endurskoðun þjónustusamnings við sjálfstætt starfandi skóla – samningsmarkmið, er samþykktur með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS23010001

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun undir 13. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. september:

Sósíalistar hefðu viljað sjá borgina ganga lengra til að stöðva arðgreiðslur hjá sjálfstætt reknum leikskólum. Leikskólar ættu ávallt að tryggja eins góðar aðstæður fyrir börn og mögulegt er. Það er ekki gert ef fé sem gæti nýst til að efla leikskólastarfið er tekið út og sett í vasa eigenda. Um fé er að ræða sem gæti farið í að kaupa leikföng, ráða fleiri kennara eða sjá um mikilvægt viðhald á skólabyggingum. Í tillöggunni eru þó tekin skref í rétta átt hvað það varðar, því lagt er til að Reykjavíkurborg geri kröfu um að rekstrarafgang af starfsemi leikskólans sem rekja megi til opinberra fjárveitinga skuli nýta til að þróa leikskólaþjónustu skólans í samræmi við reglur um grunnskóla. Fé sem borgin leggur til fyrir hvert barn má með öðrum orðum ekki taka út í formi arðgreiðslna, heldur skal það ávallt nýtt innan leikskólans, börnunum í hag. Hins vegar kemur ekkert í veg fyrir að leikskólarnir geri slíkt hið sama við peninginn sem þeir fá frá foreldrunum vegna þeirra framlags. Auk þess er miður að hér hafi verið dregin til baka sú tillaga að hafa sjálfstætt rekna grunnskóla gjaldfrjálsa. Börn ættu ekki að þurfa að borga fyrir að fara í skóla.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 3. lið fundargerðarinnar frá 28. september:

Af þessum viðauka má sjá hvað mörg verkefni hafa verið vanáætluð. Í fjölmörgum verkefnum og það stórum og fjárfrekum þarf að hækka fjárheimild vegna þess eins og segir að „umfang verkefna á árinu er meira en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir“. Fulltrúa Flokks fólksins finnst það vera gegnumgangandi vandamál að áætlanir eru óraunhæfar. Svo virðist ekki vera neitt mál að fá hækkun (færa til fjármagn), bara búa til viðauka. Sum atriða í þessum viðauka eru víðtæk og opin og erfitt að ná utan um eins og t.d. að fjárheimild vegna þéttingar byggðar verði hækkuð um 50 m.kr. og verði 100 m.kr. í stað 50 m.kr. Samantekið nemur hækkun á heimildum til fjárfestinga 2.204 m.kr. Á móti nemi samanteknar lækkanir fjárfestinga 2.204 m.kr.

11. Lagðar fram fundargerðir forsætisnefndar frá 29. september, menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs frá 22. september, skóla- og frístundaráðs frá 25. september, stafræns ráðs frá 27. september, umhverfis- og skipulagsráðs frá 20. september og velferðarráðs frá 20. september.
5. liður fundargerðar forsætisnefndar frá 29. september; lausnarbeiðni Olgu Margrétar Cilia, er samþykktur. MSS23010061

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 5. lið fundargerðar skóla- og frístundaráðs frá 25. september:

Flokkur fólksins lagði til að sálfræðingar og annað fagfólk skólakerfisins komi meira inn í skólana eins og óskað hefur verið eftir ítrekað. Tillögunni var vísað frá með þeim rökum að lausnateymi vinni náið með sérfræðingum að snemmtækum stuðningi við nemendur. En hvað með börnin sjálf? Eiga þau ekki að fá að hitta fagaðilana? Minnt er á tillögur tveggja ungmennaráða, ungmennaráðs Árbæjar og Holta og ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða en báðar tillögur eru um bætt aðgengi að sálfræðiþjónustu í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Það er ekki nóg að styðja við starfsfólkið þótt það sé vissulega brýnt. 8. liður fundargerðar stafræns ráðs frá 27. september: Stafrænt ráð hlýtur að verða að forgangsráða nú þegar budda borgarinnar er tóm. Spurningarmerki er sett við tilgang þessa ráðs en það kostar að halda úti ráði. Hvernig er ráðsvinnan að nýtast borgarbúum? Of mikið er búið að eyða og „vesenast“ í þessum málum eins og til sé nægt fé. Stafræn þjónusta við foreldra vegna barna sinna ætti fyrir löngu að vera komnar í loftið. Eftir því er tekið hvað borgin var sein að hoppa á vagn Stafræns Íslands. Borgin er aðeins í samstarfi með þrjár kjarnavörur hjá Stafrænu Íslandi en gæti verið með fleiri.

12. Hafnað með 14 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata Viðreisnar og Vinstri grænna gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins að taka tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingu á vinningstillögunni Crafting Keldur á dagskrá.
Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna sitja hjá við afgreiðsluna.

Fundi slitið kl. 19:49